

RUSH HOUR JUNIOR

Umferðarhnútur

Fyrir einn leikmann, á aldrinum 6 til 8 ára.

Krakkar! Þið megið BARA leika ykkur í umferðinni í þessu spili!

MARKMIÐ SPILSINS

Þú ert búin/n að vinna spilið þegar þú hefur komið hvíta ísbílnum („X“ – er bílinn þinn) út úr umferðarhnútnum og gegnum hliðið á spilinu.

INNIHALD

- Rush Hour Jr. akreinabakki
- Stokkur með 40 þrautarspjöldum
- 2 skólabílar, 2 brunabílar, 2 trukkar, 2 sendibílar, 2 lögreglubílar, 2 smábílar, 3 safaríbílar og ísbíll
- Poki til að geyma spilið í

UNDIRBÚNINGUR

1. Veldu þér eitt þrautarspjald. Spjöldin eru merkt frá 1 upp í 40. Fyrstu spjöldin eru nokkuð létt (ein ískúla er fyrir byrjendur). Þau verða síðan aðeins erfiðari (2 ískúlar er fyrir lengra komna). Ísréttur með heitri súkkulaðisósu er á spjöldum fyrir sérfróða leikmenn. Spjöldin með bananasplitti eru erfiðust og eru aðeins á færi snillinga.
2. Hvolfdú bílunum úr akreinabakkanum.
3. Komdu spjaldinu fyrir í raufinni á bakkannum. Settu nú bílana á bakkann eins og sýnt er á myndinni á spjaldinu.
4. Vertu viss um að allir bílar eru lagðir á rétta reiti. Einfaldast leiðin til þess er að telja tómu reitina á milli bílanna.

SPILIÐ SJÁLFT

Það skiptir ekki mála hvað spjald þú velur, ísbílinn (þinn bíll) er alltaf staðsettur í sömu röð og hliðið í spilabakkanum er. En þú kemst ekki svo greitt út! Þú ert fastur í umferðinni. Aðrir bílar eru fyrir útganginum. Þitt verkefni er að færa alla bílana frá, fram og til baka, þannig að þú losnar út úr umferðarhnútnum. Þegar leiðin er greið sleppur ísbílinn þinn út.

Ein regla

Eftir að þú hefur byrjað á spilinum máttu ekki lyfta bílunum upp úr umferðarreitunum (engir flugbílar takk). Líkt og með alvöru bíla þá er ekki hægt að ýta bílunum til hliðar. Ímyndaðu þér að á akreinabakkanum séu alvöru vegir. Á vegunum getur þú aðeins keyrt fram og til baka.

Þú vinnur

Þú hefur unnið spilið þegar þú hefur komið ísbílunum leiðar sinnar út úr hliðið á akreinabakkanum.

Ef þú festist

Hef þú festist og kemst ekki leiðar þinnar, þá er í lagi að hvolfa bílunum úr bakkanum og byrja upp á nýtt.

Ef þú getur ekki fundið leiðina

Ef þú finnur bara alls ekki leiðina út getur þú kíkt á lausnina sem er að finna aftan á hverju þrautarspjaldi og fylgt henni eftir. Snúðu spjaldinu við og þar sérðu að hver bíll er með sinn bókstaf. Við segjum þér einnig hvaða átt þú átt að hreyfa hvern bíl: U = upp, D = niður, L = vinstri og R = hægri. Svo ef þú sérð AU2, BL4 þýðir það eftirfarandi: fyrst skaltu færða bílinn A upp 2 reiti og síðan skaltu færa bíl B upp 4 reiti. Fylgdu bara leiðbeiningunum eftir, skref fyrir skref, og þú munt ná á leiðarenda.

Foreldrar

Upprunalegi Rush Hour Traffic Jam spilið er farsælasta spil ThinkFun. Stöðugt heyrum við sagnir frá foreldrum um að eldri börnin þeirra eru ekki þau einu sem elska spilið, heldur elska yngri systkini þeirra að leika með bílana eða hjálpa til með að raða þeim fyrir hverja þraut.

Það kom okkur því ekki á óvart þegar við fengum ítrekaðar beiðnir um að hefja framleiðslu á einfaldari útgáfu af leiknum sem hentar yngri börnum. Höfundur spilsins, Nob Yoshigahara, stökk þá á tækifærið til að breikka aðdáendahóp spilsins.

Við teljum að Rush Hour Jr. komi vel á móts við óskir foreldra. Lausnirnar eru einfaldar en alls ekki of einfaldar. Aksturstaekin eru flott og af ýmsum toga. Sveigaleikinn er til staðar – börn geta reynt að leysa þrautirnar og æfa rökhugsun, eða bara nota spilið sér til skemmtunar á þann hátt sem þau vilja.

Það er auðvita grundvallarhugmyndin: Að skemmta sér og verða klárari í leiðinni!

Þú getur hjálpað til!

Þú getur einnig skemmt þér og ýtt undir sjálfstraust barnsins þíns með því að hjálpa honum/henni að hugsa sig í gegnum hverja þraut. Hér eru nokkrar ábendingar:

- Búðu til sögu. Allir krakkar vita hversu leiðinlegt það er að vera fastur/föst í umferðinni. Þú getur búið til hinar ýmsu sögur um af hverju ísbílinn sé fastur í umferðinni og hvers vegna hann þarf að sleppa út úr henni, t.d. til að geta selt ísinn áður en allir íspinnarnir bráðna.
- Hjálpaðu barninu að ná tókum á spilinu með því að spyrja spurninga eins og „er skólabílinn fyrir þér?“, „Hvað ef þú færir lögreglubílinn örlítið?“ Stundum þurfa ungir hugsuðir smá hjálp til að koma sér af stað.
- Þú getur einnig kennt barninu þínu hvernig hægt er að fylgja lausnavísinum á bakhlið spjaldsins. Það er góð leið til að kenna spilið og þjálf barnið í að fylgja röð leiðbeininga.
- Við höfum veitt því athygli að ung börn hafa gaman af því að raða bílunum upp eins og sýnt er á þrautarspjaldi (þau hafa einnig gaman af því að hvolfa bílunum úr bakkanum í lok hvers spils. Því meiri læti sem verða, því betra!). Aðstoðaðu barnið þitt við að telja auðu reitina á milli bílanna til að komast að rétttri staðsetningu þeirra.
- Útskýrðu að bílar geta bara keyrt fram og til baka. Eins og alvöru bílar þá geta þeir ekki keyrt til hliðar og verið lyft upp af spilinu. Raunin er sú að þessi regla er sú sem oftast er brotin.
- Litlar hendur eru ekki með sömu samhæfingu og stórar hendur og hlutir eru stundum óvart felldir að slysn og komið fyrir aftur á röngum stað. Ef bílar eru settir á rangan stað þá geta þeir verið fastir í umferðinni til eilífðarnóns. Sýndu barninu hvernig hægt er að skoða aftur þrautarspjaldið til að finna réttu akreinina sem ökutækið á að vera á.

Góða skemmtun!

Nordic Games,

www.nordicgames.is

Máí 2011